

Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina

1 TILGANGUR

Þetta vinnuferli tryggir að skipulegar og samræmdar aðferðir séu notaðar við útskrift nemenda. Að skólinn og þeir sem eiga að útskrifast viti tímanlega af væntanlegri útskrift, og öll plögg og skírteini sem þarf að útbúa séu tilbúin fyrir útskriftardag.

2 ÁBYRGÐ


- **Áfangastjóri** ber ábyrgð á að senda út skráningarform til útskriftar á alla nemendur við upphaf annar.
- **Nemandinn** ber ábyrgð á að fylgjast með námsframvindu sinni og tilkynna sig til útskriftar í upphafi útskriftar annar.
- **Sviðsstjóri** ber ábyrgð á að fara yfir námsferil nemanda í upphafi annar og staðfesta nemendur sem útskriftarefni ef þeir uppfylla skilyrði til útskriftar.
- **Skólameistari** ber ábyrgð á útskriftarathöfninni sjálfri.

3 FRAMKVÆMD

3.1 ÚTGÁFA PRÓFSKÍRTEINA OG ÚTSKRIFT NEMENDA

Vinnuferlinu sem hér er lýst í eftirfarandi flæðiriti með skýringum á við nemendur sem útskrifast af D-stigi vélstjórnar, iðnbrautum, starfsnámi, starfsbraut og stúdentsprófsbrautum:

Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina



Hafi nemandi lokið styttri námsleið s.s. grunnnámi iðngreina eða A, B eða C réttindum vélstjórnar, getur hann óskað eftir því að fá útgefið skírteini sem staðfestir námslok.

4 TILVÍSANIR Í SKJÖL

GÁT-026 Undirbúningur fyrir útskriftarathöfn

5 VIÐEIGANDI SKRÁR

Gagnagrunnur skólans www.inna.is,

Afrit prófskírteina og einkunnaferla sem gefin eru út fyrir mars 2020 er í möppum á í skjalageymslu skólans merktum Prófskírteini og ferlar. Skírteini gefin út eftir mars 2020 eru vístuð rafrænt í skjalakerfi skólans skv. málalýkli. Skjal GÁT-026 Undirbúningur fyrir útskriftarathöfn er geymd í skjalakerfi skólans skv. málalýkli.

Nr.: VKL-205
Útgáfa: 1
Dags.: 2.4.2025
Höfundur: Áfangastjóri
Samþykkt: Skólameistari
Síða **3 af 3**

Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina

